

## Nefndarsvið Alþingis

### Umhverfis- og samgöngunefnd

#### Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 185. mál.

Varðandi umsögn um frumvarpið þá vísa ég til athugasemda minna við það frá því í apríl 2021. Til viðbótar þá er hér athugasemd eins og staða frumvarpsins er í dag.

Um lögskráningu

Í 5. gr. núverandi laga um lögskráningu sjómanna eru eftirfarandi skilyrði sett til að heimilt sé að lögskrá í skiprúm:

1. Skírteini skipverja eða undanþágur, þ.m.t. skipstjóra.
2. Mælibréf skips og haffærisskírteini.
3. Staðfesting á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt.
4. Yfirlýsing frá viðkomandi tryggingafélagi um líf- og slysatryggingu skipverja og skal skráningaraðili

Í 14. gr. frumvarps til laga um áhafnir skipa, um lögskráningaskylda, hefur liður 3 fallið út sem að óbreyttu myndi leiða til að öryggisfræðsluskylda íslenskra sjómanna heyrði sögunni til. Ekki hefur verið kunngjörð stefnubreyting stjórnvalda í þeim efnum. Því legg ég til eftirfarandi breytingu á greininni:

14. gr. Lögskráningarskylda. Óheimilt er skipstjóra að halda úr höfn nema allir skipverjar hafi verið lögskráðir á skipið, séu með gilt atvinnuskírteini eða undanþágu í þá stöðu sem þeir eru lögskráðir í, skipið sé með gilt haffærisskírteini, skipið sé mannað miðað við stærð þess, vélarafli, farsvið, og útivist, staðfestingu á að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða á annan hátt og með gilda áhafnartryggingu fyrir alla um borð. Þetta gildir þó ekki í neyðartilvikum.

Reykjavík, 28. janúar 2022

Hilmar Snorrason  
Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna

Kveðja / Regards

Hilmar

Hilmar Snorrason  
Skólastjóri Slysavarnaskóla sjómanna  
Skólaskipið Sæbjörg  
Reykjavíkurböfn